

Norðanfiskur ehf.
Vesturgötu 5
300 Akranesi



NEYTENDASTOFA

Reykjavík, 27.05.2022
Tilv. 2021/0506 - 2.0.02
MVS

Efni: Fullyrðingar Norðanfisks um vistvænt sjóeldi.

Vísað er til bréfa Neytendastofu, dags. 17. september og 3. desember 2021, svarbréfs Norðanfisks ehf., mótttekið 14. október 2021, og tölvupóstsamskipta milli fulltrúa Neytendastofu og fulltrúa Norðanfisks.

Í bréfi Neytendastofu, dags. 17. september 2021, kom fram að stofnuninni hafi borist ábendingar vegna fullyrðinga Norðanfisks um vistvænt sjóeldi sem fram koma á umbúðum vara félagsins. Þá fór Neytendastofa fram á að færðar yrðu sönnur fyrir nánar tilgreindri fullyrðingu félagsins. Í bréfinu koma einnig fram að það væri álit stofnunarinnar að ákvæði 1. mgr. 8. gr., b. og f. liða 1. mgr. 9. gr., 2. mgr. 9. gr. og 13. gr., sbr. 5. gr. laga nr. 57/2005, um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu, kynnu að eiga við um málið.

Í svarbréfi Norðanfisks, mótttekið 14. október 2021, kom m.a. fram skilgreining félagsins og birgja þess hvað sé vistvænt sjókvíeldi ásamt vísun í að félagið starfi samkvæmt lögum og reglum og því sé það túlkun félagsins að samkvæmt íslenskum lögum og reglum sé bæði land- og sjókvíeldi lax vistvænt.

Í bréfi Neytendastofu, dags. 3. desember 2021, kom fram að skilgreining á hugtakinu „vistvænt“ væri að umrædd vara, framleiðsla eða framleiðsluferli hennar mengi ekki eða spilli náttúru eða lífríki og sé því umhverfisvæn. Þá sé það álit Neytendastofu að það að fiskeldi hafi starfs- og rekstrarleyfi og starfi samkvæmt lögum og reglum geri það starfsemina ekki vistvæna samkvæmt skilgreiningu þess hugtaks.

Með tölvupósti, móttæknum 5. janúar 2022, tilkynnti fulltrúi Norðanfisks að félagið myndi frá og með 6. janúar 2022 hætta að merkja umbúðir með hinni umdeildu fullyrðingu.

Það er álit Neytendastofu að notkun Norðanfisks á ofangreindri umhverfisfullyrðingu um „vistvænt sjóeldi“ á umbúðum vara félagsins, án fullnægjandi sannana, hafi brotið gegn ákvæðum 1. mgr. 8. gr., b. og f. liða 1. mgr. 9. gr. og 2. mgr. 9. gr., sbr. 5. gr. laga nr. 57/2005, um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu.

Með vísan til 2. mgr. 21. gr. c. laga nr. 57/2005, um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu, er Norðanfiski ehf. bannað að viðhafa ofangreinda viðskiptahætti.

Með hliðsjón af eðli málsins og að teknu tilliti til þess að Norðanfiskur hefur fjarlæggt hinar

umdeildu fullyrðingu af umbúðum vara félagsins mun Neytendastofa að svo stöddu ekki grípa til frekari aðgerða en stofnunin leggur áherslu á að félagið gæti að ákvæðum laga nr. 57/2005 er viðkemur fullyrðingum á umbúðum vara félagsins.

Vakin er athygli á málskotsheimild til áfrýjunarnefndar neytendamála skv. 4. gr. laga um Neytendastofu nr. 62/2005. Skrifleg rökstudd kæra skal berast til áfrýjunarnefndar neytendamála, Steinási 16, 210 Garðabæ, innan fjögurra vikna frá móttöku þessa bréfs. Auk þessa skal rafrænt afrit af undirritaðri kæru berast nefndinni á netfangið afryjunarnefnd@anr.is.

Virðingarfyllst
f.h. Neytendastofu


Matthildur Sveinsdóttir


Margeir Valur Sigurðsson